

**Mál nr. 122/2006**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A**  
**og**  
**Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar B**

**Árekstur á Tangarhöfða í Reykjavík á móts við hús nr. 15 þann 3.4.2006.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 27.6.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Y, dags. 5.7.2006.
3. Bréf X, dags. 21.7.2006.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið vestur Tangarhöfða og bifreiðinni B var ekið í gagnstæða átt. Rákust þá saman vinstri framhorn bifreiðanna. Bifreiðum hafði verið verið lagt sitt hvoru megin á götunni sem skyggðu á umferð um götuna og orsakaði að ekki var hægt að mætast á götunni.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 45 km hraða á klst. og séð B koma á móti, en henni hafi verið bakkað og síðan aftur áfram. Hann hafi stigið á hemla, en ekki náð að afstýra árekstri.

Í lögregluskýrslu er haft eftir ökumanni B að hann hafi ekið út frá bifreiðastæði verkstæðis og séð til ferða A. Hann hafi ætlað að bakka til að koma í veg fyrir árekstur, en ekki tekist það í tæka tíð. Í bréfi, dags. 1.6.2006, kvaðst ökumaðurinn hafa ekið eftir Tangarhöfða að tveimur kyrrstæðum bifreiðum, þar sem önnur hafi verið uppi á gangstétt og hin við hliðina. Hann hafi beygt út í götuna, en séð A koma á ofsahraða. Hann hafi numið staðar þar sem hann taldi ekki unnt að mæta A vegna þrengsla. Hann hafi reynt að forða sér, en til þess hafi ekki unnist tími.

**Álit.**

Eins og mál þetta liggur fyrir er ekki annað unnt en leggja til grundvallar frásögn ökumanns B í lögregluskýrslu um að hann hafi ekið út á götuna frá bifreiðastæði og að þrengingu þeirri sem var á götunni, þegar A bar að úr gagnstæðri átt. Þá verður ekki annað ráðið af gögnum málsins en ökumaður B hafi komið því betur við að víkja úr vegi hinnar bifreiðarinnar. Að þessu virtu telst ökumaður B eiga meginsök á árekstrinum. Snjócoma var og blautt færi. Þykir ökumaður A hafa ekið nokkuð hraðar en aðstæður leyfðu. Þá má ráða af ljósmyndum að hann hafi ekki haldið bifreið sinni eins langt til hægri og mögulegt var. Hann hefur því ekki sýnt þá varúð sem af honum mátti krefjast við þær aðstæður sem þarna voru. Á hann því einnig nokkra sök á árekstrinum.

**Niðurstaða.**

Leggja ber 1/3 hluta sakar á ökumann A og 2/3 hluta sakar á ökumann B.

Reykjavík, 1. ágúst 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.